



Helgi Hjaltalín Eyjólfsson
Pétur Örn Friðriksson

Markmið XI / Aim XI

4. febrúar - 24. apríl 2005



INNGANGUR

Ímyndunaraflíð hefur verið mikilvirkasta leiktæki drengja á öllum aldri í árþúsundir. Þannig hafa leggur og skel orðið að myndarlegum búsmala, trékubbar orðið að farskipum og flugvélum, og nokkrir einfaldir málbútar að dularfullum framfíðartækjum og tólum til að sigra heiminn. Allt hefur virkað sem frekari hvati á drengi til að ímynda sér eitthvað enn meira framandi og furðulegt.

Með aldrinum fá flestir útrás fyrir áhuga sinn á tækjum og tólum í raunveruleikanum, og síðustu áratugir hafa verið gósentíð að þessu leyti; risajeppar, seglbretti og önnur óvenjuleg farartæki eiga sér dyggan aðdáendahóp, sem þreytist seint á að breyta, bæta, styrkja og búa til ný hlutverk fyrir þessi leikföng lífsgleðinnar. Tækjamaña er orðin viðurkenndur lífsstíll.

Helgi Hjaltalín og Pétur Örn Friðriksson hafa unnið saman að því að færa þetta áhugamál inn á svið myndlistarinnar. Það hefur þeim tekist með því að smíða furðutæki af ýmsu tagi; farskjöta fyrir nær óhugsandi aðstæður, tæki og tól sem hafa vafasamt notagildi, og vélar sem geta varla sinnt hlutverki sínu.

Notagildið er ef til vill takmarkað, en „markmið“ þeirra Helga og Péturs virðist oftar en ekki vera ferðalag – hvort sem það er ferð myndbandstökuvélar niður fjallshlíð eða ferðir ýmisskonar ókutækja, sem ímyndunaraflíð knýr áfram. Af þessum ókutækjum skín bæði lífsgleði og glettni, nær stráksleg ánægja yfir því sem hægt er að gera, og þeim ferðalögum, sem þannig er hægt að leggja í.

Listasafn Reykjavíkur býður gestum að njóta ferðarinnar með listamönnunum.

Eiríkur Þorláksson
Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur

INTRODUCTION

The imagination has been the most powerful toy of boys of all ages through the millennia. Thus bones and shells have become cows and sheep, pieces of wood have become ships and airplanes, and simple shapes of metal have turned into mysterious, futuristic machines and tools to conquer the world. Everything has spurred boys on to imagine something even more exotic and amazing.

In time, most people find an outlet for their interest in machines and tools in reality, and the last few decades have presented us with a cornucopia in this respect; giant jeeps, sailboards and other unusual transport devices have a devoted following, that never tires of changing, enhancing, strengthening and finding new use for these toys of *joie de vivre*. Technology-mania is now a recognized lifestyle.

Helgi Hjaltalín and Pétur Örn Friðriksson have worked together to bring this interest into the field of art. This they have accomplished by building wondrous machines of different kinds; transports for near-impossible terrain, machines and tools of doubtful use, and engines that can hardly serve their purpose.

The usefulness of these things may be limited, but the „aim“ of Helgi and Pétur seems more than anything to be travel – be it the trip of a video camera down a mountain slope or the movement of various transportation devices, powered by the imagination. These creations convey both a joy of life and prankishness, an almost boyish delight in what can be achieved, and the travels that can be made.

The Reykjavík Art Museum invites its guests to enjoy the trip with the artists.

Eiríkur Þorláksson
Director Reykjavík Art Museum

ÞAÐ ER NÚ EÐA ALDREI

Helgi Hjaltalín Eyjólfsson og Pétur Örn Friðriksson bjóða hér til elleftu sýningarinnar sem kennd er við „markmið“. Samkvæmt orðsins hljóðan er markmið eitthvað sem keppt er að, tilgangur athafnar eða forsenda verkefnis. Það mætti því í fljótu bragði álykta sem svo að þessir tveir listamenn hefðu sett sér svo háleitt markmið með sýningum sínum að þeim dygðu ekki færri en 11 slíkar til að skila því alla leið. Nema þeim gangi bara svona illa að framkvæma það sem þeir ætluðu sér og sitji fastir í endurteknum tilraunum? Þriðji möguleikinn, og sá sem er vafalítið nær sanni, er að hvert einasta verk á hverri einustu sýningu sé hið eiginlega markmið og að í heild skapi jafnframt gjörningurinn það sem að er stefnt; marktækan heim í lífandi samhengi við umhverfi sitt.

Sjálfir fullyrða þeir að markmiðið felist í spunanum hverju sinni og vísa til þess hvernig þeir hafa itrekað skapað vettvang opinna gjörninga þar sem ekkert þarf að gerast eftir fyrirfram gefnum áætlunum. Verk taka óvænta

stefnu, undirbúningurinn verður niðurstaðan, hætt er við í miðjum klíðum, allt gengur upp, eitt kveikir annað og tengist með óskýranlegum hætti aftur eða fram í límann eftir atvikum. Það má þannig með nokkrum rétti segja að markmið þeirra skarist að verulegu leyti við ferli daglegs lífs. Þess tilraunaeldhúss sem hver einasti maður upplifir í mannlegum samskiptum og hversdagslegu atferli. Þar er, sé grannt skoðað, ekkert jafn gefið og menn vilja vera láta. Samskipti taka í sífellu nýja stefnu, áætlunum er breytt í ljósi nýrra aðstæðna, það er hætt við, byrjað, frestað, klárað og byrjað aftur. Markleysan og glundroðinn eru þannig mun stærri þættir í mannfélaginu en samkomulag er um að viðurkenna, enda mikið kapp lagt á að láta sem skipulagið haldi, framtíðin sé í okkar höndum og markmiðin háleit.

Þegar fjölbreytileg viðfangsefni þeirra félaga eru skoðuð í samhengi, er það líkast því að þeir séu fulltrúar okkar hinna í leitinni að sjálfri mennskunni í sibreytilegu samspili innra og ytra lífs. Sá sem tekur þá leit hæfilega alvarlega en sýnir hverri vísbendingu virðingu, getur orðið





margs vísari. Rétt eins og þeir Helgi og Pétur, sem takast á við hvert viðfangsefni af engu minni áfergu en þar og hvergi annars staðar leynist svarið við tilgangi lífsins. Það kemur semsagt í ljós að það skiptir ekki öllu hvert inntak verksins er svo framarlega sem afstaðan er skýr og skapar nothæf tengsl milli manns, verknaðar og þeirrar náttúru sem býr að baki hvoru tveggja.

Kannski liggur lífsneistinn í verkum þeirra Helga og Péturs fyrst og fremst í þeirri virðingu sem þeir sýna viðfangsefnum sínum. Það gildir einu hvar þau ráðast á gáfu- eða bullkvadrinum, þeim tekst alltaf að gera þau mikilvæg í sjálfu sér. Þeim leyfist að vera allt í senn kjánalegum, myndnum, grafalvarlegum og hrifandi, án þess að slá nokkurn tíma úr og í. Það er engu líkara en hinn hólavarlega umgengni við leikinn og tilgangslaysið skapi í sífelli nýjar og óvæntar tengingar við það sem að jafnaði er kennt við sannleika, andlega vegferð og innsta kjarna. Hvorki meira né minna.

Ef til vill eru þeir meðvitaðir um þá kenningu margra að það sé í gegnum leikinn sem við

skynjum sjálf okkar hvað sterkast. Njótum okkar fyrir það sem við erum. Ekki bara vegna þess að þar gildir önnur lögmál en annars staðar heldur ekki síður vegna þess að leikurinn gerir þá kröfu að þeir sem ætla að njóta hans séu til staðar. Séu staddir í augnablikinu. Og sá sem er staddur þar er sannarlega í mun betri aðstöðu til að lifa og tileinka sér það sem gerist í hans innra og ytra lífi en sá sem ekki mætir á svæðið. Þess vegna skynjum við kannski verk þeirra Helga og Péturs sterkar en mörg önnur við svipaðar aðstæður. Það krefst nefnilega allrar okkar athygli að fylgjast með beltaslipivélum í kappakstri. Ekki sist ef við mætum með okkar eigin tæki á „opnum degi“ og sættum okkur ekki við neitt nema sigur. En hvernig sem keppnin fer, þá skilar sú reynsla sem felst í því að mæta á svæðið þeirri tilfinningu að allt hafi þetta haft einhvern tilgang. Við upplifðum, þó ekki nema andartak, hvað felst í því að veita umhverfinu athygli hér og nú, og þar sem sjálfum okkur. Og hver veit nema að þar með sé hinu eiginlega markmiði náð?

Þorvaldur Þorsteinsson



IT'S NOW OR NEVER

Helgi Hjaltalin Eyjólfsson and Pétur Örn Friðriksson now hold the eleventh exhibition attributed to "markmið" which translates into "Aim". The word 'Aim' indicates something that is strived for, aimed at, the purpose of an action or a precondition for a project. We could therefore possibly assume, at first glance, that these two artists have set their goal so high that they could not achieve it in less than eleven exhibitions. Unless it is simply a case of the artists having such a lousy time of implementing what they mean to achieve, and that they are stuck repeating the same experiments? The third reason, and the most probable, could be that each individual work in each individual exhibition is the actual objective, and that on the whole the happening creates that which is aimed for; a significant world in living context with its environment.

The artists themselves claim that the objective is contained in the improvisation each time, and point to how they have over and over again created a forum for open performances where nothing has to happen according to presupposed plans. Works always take an unexpected turn, the plan becomes the conclusion, everything goes according to plan, or stops midway, one thing leads to another and connects in some impenetrable way back or forth in time depending on the situation. It is therefore just to say that their objectives overlap the everyday process (procedures of everyday life) in a significant way. That experimental kitchen that each and everyone experiences in human relations and everyday behaviour. There, if we look closely, nothing is as predictable as we tend to think. Communication constantly changes its course, plans are changed in accordance to new circumstances, plans are aborted, started, postponed, finished and started



anew. The pointlessness and chaos is therefore a much larger aspect of human society than is fashionable to admit to, as there is tremendous effort laid into making order appear to hold, that the future is in our hands and our objectives sublime.

When the diverse subjects of these two artists are examined in context, it almost seems like they represent the rest of us in our search of humanity itself in the ever-changing interplay between inner and outer life. Anyone who doesn't take that search too seriously but still follows each lead can learn a thing or two. Just like Helgi and Pétur, who tackle each undertaking with no less enthusiasm than as if it was there and nowhere else that the meaning of life is to be found. In the end the content of the work is not that important, what matters is that the attitude is clear and that it creates a useful connection between man, action and the nature that is behind each one.

Maybe the life spark in Helgi's and Pétur's works is found first and foremost in the respect that they pay their subjects. It does not matter where they fall on the intelligence or drivel scale; the artists always manage to make the work important. They are allowed to be all things at the same time, silly, funny, dead serious, and charming, without becoming too much or too little. It is almost as if the seriousness of the playfulness and the futility continually creates new and unexpected connections to that which is normally associated with truth, spirituality and an inner core.

Perhaps they are aware of the theory that it is through play that we get the strongest sense of ourselves, revel in what we are. Not just because there are other principles that apply than elsewhere, but because play demands that those who seek to enjoy it are present, that they are in the moment. And those that are present in the moment are certainly in a much better position

to live and adopt what is happening in their inner and external lives than those that do not show up. That is why we may sense Helgi's and Pétur's works stronger than many other works in a similar environment. For it demands all of our attention to witness a Beltsander race. Not least if we bring our own equipment to an "Open Day" and won't accept anything but victory. But which ever way the race goes, the experience of having showed up will deliver the feeling that all this had some purpose. We sense, even if only for a moment, what it is to pay attention to the surroundings here and now, including ourselves. And who knows, maybe in that the actual objective has been achieved.

Thorvaldur Thorsteinsson



Opnunartími á Kjarvalsstöðum og í
Hafnarhúsi alla daga 10-17.
Opnunartími í Ásmundarsafni
maí-september 10-16 og október-
apríl 13-16.



Aðgöngumiðinn gildir samdægurs
í öll húsin. Alla sunnudaga kl. 15
er ókeypis leiðsögn á Kjarvalsstöðum.

Kjarvalsstaðir and Hafnarhus are
open every day from 10 am-5 pm.
Asmundur Sveinsson Sculpture
Museum - Asmundarsafn is open
May-Sept. 10 am-4 pm and
October-April 1 pm-4 pm.

The entrance ticket is valid the same
day for all three museums. Guided
tours are available upon request.

**Sunnudaginn 20. febrúar kl. 15 verður efnt til
keppni beltaslipivéla.**

ICELANDAIR 

**Sunday February 20th at 3 p.m. a Beltsander
Racing will be held.**

MARKMIÐ XI

